

1870.

1. nóvbr.

anna ekki þarfnáðist, og heldur ekki varði beinlínis til viðurværis sèr og sínum. Ennfremur verður stjórnarráðið að halda, að menn geti gjört sèr skiljanlegt, hversvegna styrkurinn var endurgoldinn árið 1858, af því, að úrskurður stjórnarráðsins 2. septbr. 1858¹, í máli, þar sem líkt stóð á, og búíð var að endurgjalda veittan sveitarstyrk, var þá enn ekki fallinn, en með honum var það ákveðið, að það, að búíð væri að endurgjalda fátækra- styrkinn, gæti ekki staðið manni fyrir að öðlast rétt til framfærslu í annari sveit; svo er og það, að hin skriflega kvittun Jóns Jónssonar sýnir ekki, að hann hafi beðið um styrkinn sökum fátæktar. Ofan á þetta bætist, að hvernig sem á málið er litið, þá er augljóst, að styrkurinn er veittur án þess að grennslazt hafi verið eptir efnaleysi og högum hlutaðeiganda, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í reglugjörð 8. janúar 1834 9. gr., og gefst yður hërmeð til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr auglýsið það, að stjórnarráðinu virðist ekki, að það verði lagt á Svalbarðstrandarhrepp, að endurgjalda tæða 19 rd. 16 sk., eða taka að sèr framfærslu ekkju og barna nefnds Jóns Jónssonar, en aptur ámóti þykir ekki vera næg ástæða til að láta Breiðuvíkurrepp borga aptur það, sem var endurgoldið fyrir 12 árum af hálfu Svalbarðstrandarhrepps.

3. nóvbr.

98. Bréf dómsmálastjórnarinnar til fjárstjórnarinnar, um ferða-áætlun póstgufuskipsins 1871.

Útaf brèfi fjárstjórnarinnar 24. septbr. þ. á., viðvíkjandi uppástungu um ferðaáætlun póstgufuskipsins *Díönu* árið 1871, höfum vèr mælt til, að stiptamtmaðurinn yfir Íslandi segði álit sitt um þetta mál; höfum vèr nú fengið bréf það, sem hèr fylgir með, frá tæðum embættismanni, og verður stjórnarráðið fyrir sitt leyti í öllum verulegum greinum að fallast á það. Fyrst og fremst verðum vèr að mæla með því, að ferðaáætlunin 1871 verði alveg sú hin sama og ferðaáætlun þessa árs (3. uppástunga), en getum aðeins til vara fallizt á 2. uppástungu, þannig, að því verði sleppt

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I., 227.

að skipið komi við í Austfjörðum á Íslandi, en þeim 7 ferðum milli Danmerkur og Íslands haldið. Ef svo fer, að samt sem áður verði fallizt á 2. uppástungu, áskilur stjórnarráðið sér, þegar þar að kemur, að á að endurbæta póstgöngurnar á Íslandi sjálfu, eins og til er ætlað, að semja um við fjárhagsstjórnina, að póstskipið á ný komi við í Austfjörðum á Íslandi. Að endingu skulum vèr ekki leiða hjá oss að benda fjárhagsstjórninni á, að stiptamtmaður hefir álitid það æskilegt, að stærra skip yrði haft til póstferða þessara, en *Díana* er.

Fylgiskjölín sendum vèr með þessu brèfi, og mælumst til, að fá aptur brèf stiptamtmannsins, þegar búið er að nota það.

1870.
3. nóvbr.